

Dúó Landon varð til þegar hinn þekkti fiðlu- og bogasmiður **Christophe Landon** bað þau Hlíf Sigurjónsdóttir og Hjörleif Valsson, sem bæði leika á fiðlur hans, að leika *44 Dúó* eftir Béla Bartók inn á geisladisk til kynningar á hljóðfærum sínum. Tónlistargagnrýnandi Morgunblaðsins gaf þessum disk fimm stjörnur með orðunum „Þjóðleg innlifun á heimsmælikvarða“. Martin Frewer, sem einnig leikur á Landon fiðlu, hefur skiptst á við Hjörleif í Dúóinu.

Hlíf Sigurjónsdóttir nam fiðluleik hjá Birni Ólafssyni konsertmeistara við Tónlistarskólann í Reykjavík og fór síðar til framhaldsnáms við Háskólana í Indiana og Toronto og Listaháskólann í Banff og nam einnig hjá Gerald Beal fiðluleikara í New York borg. Á námsárum sínum kynntist hún og vann með mörgum merkustu hljóðfæraleikurum tuttugustu aldarinnar, þar á meðal William Primrose, Zoltan Szekely, György Sebök, Rucciero Ricci og Igor Oistrach.

Hlíf hefur haldið fjölda einleikstónleika og leikið með sinfóníuhljómsveitum og kammersveitum víða um Evrópu, Bandaríkjunum og í Kanada. Hún hefur frumflutt mörg tónverk sem samin hafa verið sérstaklega fyrir hana. Í ágúst síðastliðnum kom út tvöfaldur geisladiskur með öllum partítum og sönötum fyrir einleiksfiðlu eftir J. S. Bach í flutningi hennar.

Martin Frewer útskrifaðist sem stærðfræðingur frá Oxford University en jafnhliða stærðfræðináminu sótti hann einkatíma hjá fiðlukennaranum Yfrah Neaman. Hann hélt áfram fiðlunámi hjá honum við Guildhall School of Music & Drama í London. Þá lærði hann einnig á víólu hjá Nannie Jaimeson.

Árið 1983 fluttist Martin til Íslands til að leika með Sinfóníuhljómsveitinni hér. Um aldamótin tók hann sér leyfi í hálf tónárið og vann þá sem hugbúnaðarhönnuður. Núna starfar hann bæði við hugbúnaðargerð hjá hátækniyrirtækinu Völku og sem hljóðfæraleikari. Hann spilar með Biber tríóinu, Sardas kvartettinum, Árstíðakvartettinum, Bachsveitinni í Skálholti og ýmsum kammersveitum og hópum auk Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Atli Heimir Sveinsson fæddist árið 1938. Hann stundaði nám í píanóleik við Tónlistarskólann í Reykjavík. hjá Rögnvaldi Sigurjónssyni. Síðan nam hann tónsmíðar, hljómsveitarstjórn og píanóleik við Ríkistónlistarháskólann í Köln. Þaðan lauk hann prófi í tónsmíðum og tónfræði árið 1963. Meðal kennara hans voru Günter Raphael, Rudolf Petzold og Bernd Alois Zimmermann. Hann stundaði framhaldsnám hjá Karlheinz Stockhausen og nam raf-tónlist í Hollandi hjá Gottfried Michael Koenig.

Hann segir:

„Vorið er komið eru sex stutt lög fyrir tvær fiðlur. Verkið samdi ég vorið 2006, er ég naut gistivínáttu Ingibjargar og Þóris, ræðismannshjónanna okkar í Tékklandi sem búa í nágrenni Prag, og tileinka ég þeim verkið. Um leið vann ég að Fjórðu sinfóníunni, sem frumflutt var af Tékknesku filharmóníuhljómsveitinni í Prag ári síðar. Löggin urðu til á daglegum morgungöngum mínum um sveitina á óvenju köldu meginlandsvori. En svo raknaði úr vetrar-drómanum og sumarið kom einn daginn!“

Duo Landon

Hlíf Sigurjónsdóttir og Martin Frewer
frumflytja

Vorið er komið

eftir Atla Heimi Sveinsson

- i quasi „folk music“
- ii Vivo
- iii Start together, after that,
no synchronization;
end independently
- iv quasi „folk music“
- v con brio, molto energico
- vi (án nafns)

Stofutónleikar á Listahátíð í Reykjavík 24. maí 2009 kl. 20:00
í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Orðalisti yfir leiðbeiningar tónskálds í tónverkinu:

sf sforzando = áhersla
sff stærri (sterkari) áhersla
p piano = veikt
pp pianissimo = mjög veikt
ppp pianopianissimo
pppp enn veikara
f forte = sterkt
ff fortissimo = mjög sterkt
fff fortfortissimo
ffff enn sterkara

accelerando flýta
ritardando hægja á
morendo deyja út
lontano úr fjarlægð

puncta d'arco spila við odd bogans
sul tasto veikt, á gripbrettinu
ordinario venjulegt
sul ponticello upp við stólinn
subito cantabile skyndilega syngjandi
pizzicato plokka í strenginn
arco strjúka með boganum
leggiero létt
glissando renna frá einni nótu á aðra
legato bundið/tengja
molto lento vibrato mjög hægt vibrato

flaututónar fingur (vinstri handar) snertir strenginn laust
náttúrulegir flaututónar og tilbúnir, þá tveir fingur á streng, annar fast (full snerting) hinn laust.

fjórðungstónar í hinum vestræna 8-tóna tónstiga skiptast á stórar og litlar tvíundir. Lítil tvíund er einnig kölluð „hálf-tónn“ og stór tvíund „heiltónn“. Á samsvarandi hátt eru fjórir fjórðungstónar í einum heiltón.

Fjórðungstónar eru merktir með ör upp eða niður, eftir því hvort á að hækka eða lækka tóninn.



1. kafli: *Quasi „folk music“*. Mjög hægur og veikur kafli, með styrkleikamerkingum 2 p, pianissimo og svo 3 p. Áherslur, sff á sextándapartsnótum. Fjórðungstónar notaðir. Köld morgunstemning, sólarupprás, þoka?



2. kafli: *Vivo*

Tillögur um hraða er fjórðupartur = 112. Ákváðum að lækka niður í 106, til að karakter kafans kæmi betur fram í flutningi.



3. kafli: *„Start together, after that, no synchronization, end independently“*
Okkur er stíað í sundur, fáum að byrja nokkrar nótur saman í sama hraða (fjórðupartur = 72) og með sama taktmynstri en mjög stutt. Síðan ekki meira samtaka það sem eftir er kafans.



4. kafli:

Quasi „folk music“
Svipaður þeim fyrsta, örlítið greiðari í hraða. Hér fá fjórðungstónar mikið hlutverk.



5. kafli: *Con brio molto energico*

Í þessum kafli höfum við lagt áhersluna á að fá fram sveifluna í taktinum. Hér sést „laglínun“ mynstrið.



6. kafli: Nafnlaus kafli með tilvísun í byrjunarstemninguna, með hægu slagi. Í takti 18 til 37 verður fjandinn laus. Við höfum samt ákveðið að hafa stjórn á honum og koma okkur heilu og höldnu að niðurlaginu sem endar á lágværum fílófískum (?) nótum.